

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
5. fundur 2018 (80. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 24.05.2018 kl. 08:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Guðlaugur H. Sigurjónsson	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

Ennfremur sat fundinn Gunnar Ottósson sem áheyrnarfulltrúi f.h. Reykjanesbæjar.

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar

Undir þessum lið sat fundinn Stefán Gunnar Thors frá VSÓ Ráðgjöf.

Skipulagsfulltrúi og Stefán Gunnar Thors gerðu grein fyrir viðræðum sínum við Skipulagsstofnun um að verkefnis- og matslýsing og vinnslutillaga breytingar á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar yrðu auglýstar saman. Niðurstaðan er að það verði gert.

Lögð var fram verkefnis- og matslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar, dags. 24.05.2018. Aðalskipulagsbreytingin felst auknum byggingarheimildum á svæði sem í deiliskipulagstillögu nefnist FLE2. Aukningin nemur 125.000 m².

Lögð var fram vinnslutillaga að aðalskipulagsbreytingu, dags. 24.05.2018, varðandi auknar byggingarheimildir á svæðinu FLE2.

Skipulagsnefndin samþykkti verkefnis- og matslýsinguna og vinnslutillöguna. Jafnframt var ákveðið að opinber kynning fari fram á tillögunum þann 6. júní n.k.

2. Deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi Flugstöðvarsvæðis. Tillagan er sett fram með skipulagsupprætti, dags. 23. maí 2018, og skipulagsskilmálum, dags. 1. maí 2018. Skipulagstillagan er í samræmi við breytt aðalskipulag sbr. lið 1. hér að framan. Skipulagstillagan verður afgreidd frá nefndinni samhliða tillögu að breyttu aðalskipulagi.

3. Lýsing á tillögu að breytingu á svæðisskipulagi Suðurnesja

Lögð var fram verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats, dags. í janúar 2018, vegna breytingar á svæðisskipulagi Suðurnesja. Breytingin felst í breytingu á afmörkun vatnsverndarsvæðis í Reykjanesbæ annars vegar, og nýju flugbrautakerfi Keflavíkurflugvallar hins vegar.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.

4. Umsóknir um stöðuleyfi

Isavia sækir um stöðuleyfi fyrir gám undir tímabundna hjólageymslu fyrir starfsfólk við vesturbyggingu FLE. Skipulagsnefndin samþykkir stöðuleyfið til og með 15.09.2018 í samræmi við umsóknina.

Isavia sækir um stöðuleyfi fyrir gám á norðvestur svæði rúttustæðis. Skipulagsnefndin samþykkir stöðuleyfið til eins árs.

5. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 22. júní 2018 kl. 08:15.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx